

Auglýsing um skipulag í Kópavogi

Nónhæð. Nónsmári 1-7 og 9-15. Tillaga að breyttu deiliskipulagi

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 8. febrúar 2022 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breyttu deiliskipulagi Nónsmára 1-7 og 9-15. Í breytingunni felst að á lóðinni Nónsmára 1-7 fjölgar íbúðum úr 55 í 60 og á lóðinni Nónsmára 9-15 fjölgar íbúðum úr 45 í 50. Heildarfjölgun íbúða er alls 10 íbúðir. Þá er sótt um hækkun byggingarreita þannig að hús nr. 1 og 9 hækki úr tveimur hæðum í þrjár og hús númer 5, 7, 13 og 15 úr fjórum hæðum í fimm hæðir. Byggingarmagn á lóðunum eykst úr 15.600 m² í 17.300 m² og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,5 í 0,6. Bílastæðum neðanjarðar fjölgar úr 82 í 104 en bílastæðum ofanjarðar fækkar úr 125 í 122. Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:2000 ásamt greinargerð dags. 11. janúar 2022. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Smiðjuvegur 7 - Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 28. september 2021 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Smiðjuveg 7. Í breytingunni felst stækkun á byggingareit til norðurs þar sem fyrirhugað er að reisa einnar hæðar viðbyggingu alls 482 m² að flatarmáli. Bílastæðum ofanjarðar fjölgar úr 69 í 81. Nýtingarhlutfall breytist úr 0,49 í 0,44. Fyrirhuguð viðbyggingin mun verða úr stálgrind og klædd með yleiningum. Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:500 ásamt skýringarmyndum dags. 8. júlí 2021. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Markavegur 2 - Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 11. janúar 2022 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Markaveg 2. Í gildandi deiliskipulagi er heimild fyrir byggingu hesthúss á einni hæð, byggingarreitur er 240 m² og lóðin 862 m². Í breytingunni felst að lóðinni verði skipt í tvær lóðir og á þeim heimilað að reisa parhús með sameiginlegu gerði. Það er að segja tvö samhangandi hesthús með byggingarreit 120 m² að flatarmáli hvort um sig. Að öðru leyti gilda áður samþykktir skilmálar. Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:1000 og 1:200 dags. 9. desember 2021. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur eru aðgengilegar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið skipulag@kopavogur.is.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digraanesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 16:00 miðvikudaginn 6. apríl 2022.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.

(202201282

 [Loka glugga](#)